

# HRINGFORMIÐ TENGIST VON OG HAMINGJU

— en einnig tómarúmi og söknuði

**A**fyri sýningum Braga Asgeirssonar hefur einatt mátt sjá hringformið, sem hann virðist oftast hverfa til en flestir aðrir málarar hér og hefur jafnvel skapað sér sérstöðu með kringlöttum myndum. Þannig notar hann hringformið til að marka útlínur myndar, en auk þess getur hringformið verið táknrænt eins og fram kemur hér hjá Braga. Hughrifin hafa

borið hann víða og þau hafa skilið eftir myndir, sem sumar eru mjóar og háar í laginu og inntakið alveg abstrakt. Önnur hughrif leyndu ekki uppruna sínum og eru reyndar fullkomlega figúratíf og nægir að vísa til myndanna, sem hér eru prentaðar. Svo sjóaður er Bragi í list sinni, að hann getur leyft sér að fjalla um sundurleitustu efni og í rauninni á mjög fjölbreytilegan máta, — og samt haldið skýrum og klárum höfundareinkennum. Slíkt er aðalmerki góðra listamanna, en sá óreyndi, sem hættir sér út í slíkt, týnir sjálfum sér og kemur fram sem brotabrot úr ýmsum áttum. Um það hefur mátt sjá nokkur átakanleg dæmi upp á síðkastið.

Sumt sem þarna getur að líta hefur ekki áður sést frá hendi Braga; til dæmis portret af manni, sem margir munu kannast við, ásamt konumynd, sem byggð er á teikningu eftir Picasso. Um þetta verk og tvö önnur á sýningunni, „Flautuleikarann“ og „Sjóir Íslands“, segir Bragi:

Málverkið, sem ég nefni „Hommage à Picasso“ (Marie Laura de Noailles og Alfréð Guðmundsson), er málað eftir fjölmargar heimsóknir á Picasso-sýninguna á Kjarvalsstöðum sl. sumar. Ég hreifst mjög af léttleikanum í þessari teikningu, sem var einkenni listamannsins, þegar hann gerði sínar bestu myndir. Einmitt slík rannsókn línunnar fæddi af sér ný tímabil í list meistarans, á sama hátt og Matisse var sifeiknandi í garði sínum og úti í náttúrunni og fékk svo hugmyndir að nýsköpun í list sinni út frá þessu rísi.

Þannig hafa listamenn aldarinnar, er lengst náðu, aldrei vílað fyrir sér að leita til hlutveruleikans og næsta umhverfis að hugmyndum, og list þeirra var alla tíð að rannsaka hlutveruleikann og nálgast hann frá stöðugt nýjum hliðum. Rífa fyrir gildi niður og byggja upp nýjan myndheim og oft fullkomlega hlutkenndan (konkret). Þeir umbreyttu honum í hrein flatarmálsform af mismunandi styrkleika — sem fólk almennt nefnir abstrakt. Það að skíra mynd „Hommage à...“ og bæta við nafni einhvers listamanns þýðir að viðkomandi er að tjá honum virðingu sína og hollustu, og í því skyni leita þeir í smíðju þeirra um útfærslu myndar eða myndraðar, umbreyta og bæta við sínum eigin stíl. Þetta er mjög algengt í myndlistarsögunni, og eru mörg nafnkennd verk til vitnis um það.

Mynd mín, sem er yfirfærsla teikningar í málverk, var í vinnslu þegar ljósmyndarann bar að garði og átti nokkuð í að teljast



Hommage a Picasso



Flautuleikarinn

fullgerð. — En þetta gefur einmitt tilefni til hugleiðinga um það, hvenær mynd sé fullgerð. Margur álitur, að mynd sé aldrei lokið, menn hætti einungis við hana á ákveðnu vinnslustigi — hafa kannski ekki meira að segja að sinni. Frjór listamaður finnur sífellt nýja möguleika við gerð myndar og getur haldið endalaust áfram — hann hefur í sjónmáli tíu nýja möguleika, er einum áfanga er náð.

Það eru einungis handverksmennirnir í listinni er ljúka við myndir hverju sinni, en hins vegar er það staðreynd, að menn gætu ekki hugsað sér fjölda myndlistarverka lista-sögunnar öðruvísi, þótt listamennirnir sjálfir hafi allt eins verið á annarri skoðun. Þetta hefur verið skilgreint með framsættinum „Þegar maður telur sig hafa lokið við mynd og er þess fullviss að hún sé í sínu endanlega formi, þá er tími kominn til að taka til við að mála hana...“ Í þekktu viðtali, sem listaverkakaupmaðurinn nafnkenndi, Daniel Henry Kahnweiler, átti við Picasso á gangi um götur Parísarborgar árið 1946, fór Picasso að tala um Juan Gris, sem máladi ýmsar af perlum kúbismans: „Gris var það ljóst, að til þess að mála eina mikla mynd hefði hann þurft þúsund ár, þúsund líf, svo að hún yrði einmitt þannig sem hann vildi hafa hana,“ og hann benti á tréni á Avenue de Messine, „til þess að mála öll laufblöð þeirra yrði maður að fá alla Kínverja þessa heims í vinnu — í þúsund ár. Veistu hvað við verðum að gera? Skilja það, að sá heimur, sem við sjáum með augunum, er ekkert...“

Málverkið „Flautuleikarinn“, sem byggist á beinum hughrifum líkt og flestar myndirnar á sýningunni, er eitt þeirra verka, sem eru í vinnslu í langan tíma, jafnvel fleiri ár. Maður málar þær í áföngum, leggur þær svo til hliðar, jafnvel í marga mánuði, áður

en kannski aðeins örlitlu er bætt við. Möguleikarnir eru svo margir, að manni fallast hendur að skammri stund liðinni, því það er fullljóst, að ef haldið væri áfram enn um stund hefði það þær afleiðingar, að myndin gjörbreyttist. Þá væri maður að svíkja þá upprunalegu stemmningu, sem gengið var út frá að mála, þó svo að myndin yrði ef til vill betri í annarri gerð. Það að breyta myndum gera málarar ídulega, og hér er ég engin undantekning, en svo koma fram undantekningar frá reglunni, sem vekja upp í viðkomandi þrjúsku, og takmarkinu skal ná, hvað sem það kostar.

Það sem fyrir mér vakti við gerð þessarar myndar var að ná fram sñvikulum litrænum blæbrigðum, er virka tónrænt á augað og eru í samræmi við innihald myndarinnar. Ég notaði mikið þunna, gagnsæja liti, sem ég málaði ofan í aftur og aftur til að auka á efniskennit litanna og til að ná fram innri dýpt. Fullyrt hefur verið, að hægt sé að umbreyta tónlist í liti, og því skyldi þá ekki vera mögulegt að umbreyta litum í tónlist? Hugmyndin er sött í ljósmynd af Manuelu Wiesler, en í frjálslægri útfærslu.

Í fornum ritum og heimildum dulfræðinnar tákna allt kúlulaga og hringlaga sólina og tunglið, — tengist voninni og hamingjunni. Hið hringlaga tákna einnig núllið, tómarúmið og söknuðinn, — áframhaldið, endalokin, miðjuna og valdið. Punkturinn er hringlaga líkt og kjarninn. Í aldanna rás hefur hið hringlaga þannig verið sett í samband við ótal fyrirbæri þekktanleg sem yfirskilvitleg. Hringurinn í málverki mínu „Sjóir Íslands“ hefur og fjölþætta merkingu, sem nær einnig yfir tíma og rými, og má hver og einn spá í merkinguna, eins og honum þóknast, og allir munu að einhverju leyti hafa rétt fyrir sér.

Sjálfur velti ég því lengi fyrir mér, hvað ætti að koma á þennan flöt myndarinnar til mótvægis við fuglinn og veita um leið auknu rými inn í heildina, skapa byggingarlegt jafnvægi og um leið auknið margræði.

Lengi hugsaði ég mér stílfært andlit karlmans, en fannst það of algeng og einföld lausn. Hringurinn var svo lausn, því að hann er að mínu mati í fullkomnu samræmi við aðra hluta myndarinnar og heldur hinu öflugra formi fuglsins í skefjum, auk þess sem táknrænt gildi hans fellur undir það, sem ég vildi sagt hafa, og þau heildarhughrif, sem ég stefndi að og vildi ná fram.“

GS

**BRAGI ÁSGEIRSSON** opnar í dag sýningu á Kjarvalsstöðum og skýrir í stuttu spjalli við Lesbók ýmislegt um HUGHRIF, en svo nefnir hann sýninguna



Sjóir Íslands